

Skipulagsfulltrúi Ölfuss
Gunnlaugur Jónasson
Hafnarberg 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 18. janúar 2023
UST202212-178/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Deiliskipulag fiskeldis sunnan Suðurstrandarvegar - Geo Salmo ehf. – Sveitarfélagið Ölfus

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 19. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir fiskeldi fyrirtækisins Geo Salmo ehf. sem er sunnan Suðurstrandarvegar.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir að reist verði fiskeldisstöð í landi Ölfuss vestan Þorlákshafnar á iðnaðarsvæði (I3) sunnan Suðurstrandarvegar, sbr. aðalskipulag Ölfuss 2020-2036.

Gert er ráð fyrir að fullbyggð muni stöðin framleiða allt að 24.000 tonn af fiski á ári. Áætluð hámarksvatnspörf fullbyggðrar eldisstöðvar er 750 l/sek af ferskvatni og um 18.500 l/sek af sjó úr sjótökuholum.

Á lóðinni verður eldisstöð og fiskvinnsla auk bygginga sem tengjast framleiðslunni og nýtingu úrgangs svo sem gróðurhús sem nýtir eldisvökva og uppleyst næringarefni. Einnig er gert ráð fyrir mögulegri vinnslu lífræns úrgangs frá framleiðslunni innan lóðar í samræmi við markmið um hringrásarhagkerfi. Innan lóðar verður borað eftir ferskvatni og sjó fyrir starfsemina.

Fráveita fiskeldis

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp skal veita öllu skólpi minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum enda séu skilyrðin í 6. og 10. gr. uppfyllt. Auk þess er óheimilt að leiða skólp þannig að frárennslisop opnast til hafna.

Lagning sæstrengja og neðansjavarleiðslna er háð samþykki Umhverfisstofnunar samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Umhverfisstofnun vekur athygli á að í reglugerð nr. 600/2018 um heimild til lagningar sæstrengja og neðansjavarleiðslna eru nánari upplýsingar um málsmeðferðina. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að óheimilt er að reka, eiga eða leggja sæstreng eða neðansjavarleiðslu án þess að hafa áður fengið til þess þær heimildir sem tilgreindar eru í 4. gr. reglugerðarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ofangreint komi fram og útrás sé sýnd á uppdrætti.

Fráveita sláturhúss

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um fráveitu sláturhúss í tillögunni.

Vatnsnotkun

Í greinargerð kemur fram að áætlað er að hámarksþörf á jarðsjó verði um 18.500 l/sek en ferskvatnsþörfin í fullbyggðri fiskeldisstöð verði um 750 l/sek. Í mati á umhverfisáhrifum fiskeldisins var unnin greining á áhrifum vatnstöku á grunnvatn. Niðurstaðan var sú að merkjanlegur niðurdráttur verður á grunnvatnsborði vegna vinnslu og seltubreytingar innan lóðar og umhverfisáhrif eru metin neikvæð vegna þessa.

Unnin var greinargerð af Vatnaskilum fyrir sveitarfélagið árið 2018 um greiningu á grunnvatnsauðlindinni í nágrenni Þorlákshafnar, líkangerð til mats á færslu vatnsbólssveitarfélagsins og skipulagi vegna uppbyggingar fiskeldis. Þar kemur fram að Vatnaskil hafa lagt fram drög að fyrirkomulagi mælinga sem nauðsynlegt er að ráðast í sem allra fyrst til að unnt verði að leggja drög að ofangreindum skipulagsákvörðunum. Markmiðið er að kortleggja betur núverandi ástand grunnvatnskerfisins og um leið styrkja reiknilíkanið og spágetu þess nægjanlega til að staðfesta megi það orsakasamhengi er ræður mestu gagnvart áhrifum af fyrirhugaðri vatnstöku sveitarfélagsins, núverandi fiskeldisfyrirtækjum og væntanlegum fiskeldisfyrirtækjum á svæðinu¹. Spurning Umhverfisstofnunar er því hvort slík gagnaöflun á vegum sveitarfélagsins hafi farið fram? Þess má geta að við þá greiningu á auðlindinni fengust ekki gögn frá þremur aðilum sem hefðu geta bætt úrvinnslu og mat á auðlindinni. Síðan 2018 hefur fiskeldisfyrirtækjum á staðnum fjölgað og forsendur þessarar greiningar því allt aðrar í dag.

Auk þess vill stofnunin benda á kafla 4.2 í skýrslu sem unnin var af Vatnaskilum fyrir Laxa Fiskeldi ehf. sem nefnist *Eldisstöð Laxa Fiskeldis í Þorlákshöfn Mat á áhrifum aukinnar vatnstöku*.²

Þar segir á bls. 3: „Niðurstöður gefa til kynna mikilvægi þess til framtíðar litið að taka tillit til heildarvinnslu fiskeldisfyrirtækja og annarra stórnotenda á svæðinu og vinnslufyrirkomulags þeirra eins og staðsetningu hola, dýpi og götun þeirra. Jafnframt þarf að tryggja að sem minnst sé unnið af fersku vatni um jarðsjávarholur og að seltustig jarðsjávarins verði þannig sem næst fullri seltu sjávar, svo fullnægja megi ferskvatnsþörf til einhvern framtíðar á svæðinu. Mikilvægt er því að vakta grunnvatnsástand svæðisins og fylgjast með viðbrögðum kerfisins við aukinni vinnslu.“

Í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála eru sett fram ákvæði um vernd og sjálfbærni grunnvatns ásamt skyldum aðila sem nýta auðlindina. Umhverfismarkmið grunnvatnshlota er að þau eiga að vera í efnafræðilegu góðu ástandi og að magnstaða þeirra skal vera góð.

Samkvæmt 28. gr. laga nr. 36/2011 skulu sveitarfélög samræma skipulagsáætlanir sínar að vatnaáætlun. Sveitarfélög og aðilar sem valda álagi á vatnshlot skulu því sjá til þess að vatnshlot nái umhverfismarkmiðum sínum. Verði álag vegna starfsemi á svæðinu það mikið að vatnshlot nær ekki umhverfismarkmiðum sínum ber þeim sem valda álaginu að fara í aðgerðir til að draga úr álagi. Þess vegna er mikilvægt að öll forvinna og grunnrannsóknir séu vel af hendi gerðar áður en farið er af stað í framkvæmdir og skipulag landsvæða. Auk þess að vatnshlotin verði vöktuð til framtíðar.

¹ https://olfuscluster.is/wp-content/uploads/2020/10/2020_vatnaskil.pdf

² <https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1537/202002018-Laxar%20vi%C3%B0auki%20Vatnaskil.pdf>

Sveitarfélög þurfa að hafa þetta í huga þegar mengandi starfsemi er skipulögð innan þeirra marka. Aðgerðir til að draga úr álagi á auðlindina eftir að öll vinnsla er farin af stað getur verið fyrirtækjum og sveitarfélagi afar kostnaðarsamar.

Endurnýting

Í greinargerð koma fram hugmyndir um moltugerð og mjölframleiðslu og telur stofnunin að það mætti vera ítarlegri umfjöllun um þær hugmyndir.

Umhverfisstofnun telur afar jákvætt að nýta allan lífrænan úrgang sem fellur til við starfsemina. Auk þess telur stofnunin mikinn umhverfisávinning felast í því að minnka magn lífræns efnis í urðun og tekur stofnunin fram að næringargildi efnisins er talsvert og því hentugt til endurnýtingar. Stofnunin hefur unnið leiðbeiningar til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefna/sets úr frárennsli í stað þess að farga því með urðun.³

Stofnunin vill benda á að notkun dauðfisks/meltu til áburðar er háð samþykki Matvælastofnunar, sem lögbærs stjórnvalds með þeim ákvæðum reglugerðar um aukaafurðir dýra sem eiga við í þessu tilviki, sbr. 2. þátt reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Því bendir stofnunin á að leita skal samþykkis Matvælastofnunar ef nota á fastefnið sem áburð.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um meðhöndlun úrgangs í umhverfismati. Auk þess þarf að koma fram hversu mikill úrgangur fellur til sem endurnýttur er í moltu.

Einnig þarf að fjalla um hversu mikill lífrænn úrgangur frá fiskvinnslu, slóg og afföll getur nýst sem hráefni til mjölframleiðslu.

Fuglar

Í greinargerð kemur fram að engin mikilvæg fuglasvæði eru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Umhverfisstofnun bendir á að þó að framkvæmdin raski ekki búsvæði fugla þá er þekkt að fuglar, t.d. máfuglar og fýlar, leiti í útrásir í fjöru eftir fæðu. Þar sem hér er um mjög stóra framkvæmd að ræða sem losar talsvert af næringarefnum, telur stofnunin að meta skuli áhrif framkvæmdarinnar á fugla.

Sjóvarnargarðurur

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess varðandi uppbyggingu varnargarðs, ef við á, það komi fram í tillögunni að varp dýpkunarefna og náttúrulegra óvirkra efna í hafið, þ.e. fastra jarðefna, er háð leyfi Umhverfisstofnunar í samræmi við 9 gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Starfsleyfi

Umhverfisstofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi í skipulagstillögunni hvar leyfilegt sé að vera með starfsemi sem er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun til að hægt sé að meta hvort starfsemin samræmist skipulagi, skv.

³ https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Mengandi-starfsemi/Lei%c3%b0beiningaskjal_fraveitu_og_fastefnismedhondlun_2020.pdf

lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Helstu viðmið

Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála þurfa að falla undir helstu viðmið við umhverfisþáttinn *Grunnvatn*, lög nr. 70/2012 um loftlagsmál undir *Loftslag* og lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs undir *Úrgang*.

Auk þess bendir stofnunin á að reglugerð nr. 535/2011 (bls. 18) nefnist reglugerð um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur